



Utanríkismálanefnd  
Hanna Birna Kristjánsdóttir, formaður  
Alþingishúsinu  
við Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

## UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Rauðarárstígur 25, 105 Reykjavík  
Sími: 545 9900, bréfasími: 562 2373  
postur@utn.stjr.is, www.utn.stjr.is

Reykjavík, 3. október 2016  
Tilvísun: UTN16090090/03.G.002  
HeH/lbt

Með vísan til þingsályktunartillögu um aðild Íslands að Geimvísindastofnun Evrópu, 145. löggjafarþing 2015-2016, þingskjal 1419 – 804. mál, og ósk utanríkismálanefndar, dags. 20. september 2016, um að utanríkisráðuneytið veiti umsögn vill ráðuneytið koma eftirfarandi á framfæri.

Utanríkisráðuneytið fagnar því að þingmenn sýni frumkvæði og áhuga á þátttöku Íslands í alþjóðasamstarfi og vill þakka flutningsaðilum fyrir að leggja fram glögga og greinargóða tillögu til þingsályktunar um aðild Íslands að Geimvísindastofnun Evrópu.

Fyrir réttum áratug var settur á fót starfshópur sem kanna skyldi fýsileika aðildar eða samstarfs Íslands við Geimvísindastofnun Evrópu. Ætlunin var að kanna hvort aðild væri tímabær og hvort aðild eða samstarf við stofnunina kæmi til með að stuðla að örrari tækniþróun og fjölgun viðskiptatækifæra á sviði hátækni hér á landi. Enn fremur skyldi kanna hvort aðild eða samstarf kæmi til með að styrkja stöðu Íslands á öðrum sviðum, svo sem á sviði fjarskipta, umhverfis, öryggismála og leiðsögumála. Starfshópurinn lauk ekki störfum.

Samkvæmt stofnsamningi Geimvísindastofnunar Evrópu, og líkt og fram kemur í þingsályktunartillögunni, bera aðildarríki kostnað af þátttöku í stofnuninni, sem ákvarðast meðal annars af landsframleiðslu og umfangi þátttöku. Ekki er hægt að segja til með fullri vissu hvert framlag Íslands yrði til stofnunarinnar, en ætla má af samanburðartölum að kostnaður sé nokkur. Einnig er ekki ljóst með öllu hvaða þjóðréttarlegar skuldbindingar fylgja aðild að Geimvísindastofnun Evrópu og hvort aðildarríki geti verið undanþegið einstökum þáttum í starfsemi stofnunarinnar.

Þótt óvissuþættir séu fyrir hendi, og þyrftu að skoðast nánar, getur aðild eða samstarf við stofnunina verið áhugaverður kostur að skoða í utanríkispólitísku tilliti. Málefni geimsins verða sífellt fyrirferðameiri og Ísland, líkt og önnur ríki, getur haft þar hagsmuna að gæta. Þannig hafa Íslendingar um árabil notið gervitungla til margvíslegra samskipta við umheiminn og íslenska fræðasamfélagið hefur sýnt málefnum geimsins áhuga. Málefni geimsins eru ennfremur rædd á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og er sérstök skrifstofa starfrækt þar að lútandi - United Nations Office for Outer Space Affairs, (UNOSSA). Þá eru málefni geimsins í auknum mæli til umræðu á alþjóðlegum fundum sem fjalla um afvopnunarmál, meðal annars meðal norrænna afvopnunar sérfræðinga.

Í dag eru 22 Evrópuríki, þ.m.t. öll Norðurlöndin, aðili að stofnuninni og 8 ríki til viðbótar eiga í virku samstarfi við stofnunina og ekki óeðlilegt að kanna nánar hvort og þá með hvaða hætti Ísland gæti átt samleið með stofnuninni. Til skoðunar kæmi, að mati ráðuneytisins, að endurvekja áður nefndan starfshóp í því tilliti.

F.h.r.

